

Skólaárið 2022-2023

# Foreldrahandbók

## Flóaskóla



Ábyrgðaraðilar:

Gunnlaug Hartmannsdóttir

Sigrún Helgadóttir

# Efnisyfirlit

<b>1. Ábyrgð foreldra .....</b>	3
1.1 Lög og reglugerðir .....	3
1.2 Vellíðan barna og unglingsa .....	3
1.3 Heimanám .....	4
1.4 Veikindi og leyfi .....	4
<b>2. Hagnýtar upplýsingar tengt skólastarfi.....</b>	5
2.1. Uppeldi til ábyrgðar- uppbygging sjálfsaga .....	5
2.2 Lausnateymi .....	6
2.3 Frímínútur .....	6
2.4 Matsalur .....	6
2.5 Mentor .....	7
2.6 Frístundaheimili.....	7
2.7 Óskilamunir .....	8
2.8 Símar og tölvur .....	8
2.9 Persónuverndarlög.....	8
<b>3. Aðrar hagnýtar upplýsingar .....</b>	9
3.1 Afmælisboð .....	9
3.2 Bekkjartenglar .....	9
3.3 Félagsmiðstöðin .....	9
3.4 Skólabílar .....	9
3.5 Foreldrafélag Flóaskóla .....	10
3.6 Fjáraflanir .....	10

Í Flóaskóla er lögð rík áhersla á gott samstarf milli heimilis og skóla um stöðu og velferð nemenda og miðlun upplýsinga til að tryggja nemendum viðeigandi stuðning og hvatningu.

Foreldrahændbók Flóaskóla inniheldur upplýsingar til foreldra/forráðamanna nemenda skólans. Handbókinni er skipt í þrjá megin hluta, ábyrgð foreldra, hagnýtar upplýsingar um skólastarfið og aðra þætti sem fléttast inn í daglegt líf nemenda.

## 1. Ábyrgð foreldra

### 1.1 Lög og reglugerðir

Foreldrar bera ábyrgð uppeldi barna sinna (Barnalög, nr. 76/2003). Þegar kemur að skólastarfí barna eru ýmsir þættir sem foreldrum ber að sinna. Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna. Auk þess skulu foreldrar fylgjast með námsframvindu barna sinna í samvinnu við þau sjálf og kennara þeirra. Þá ber þeim að greina skólanum frá þeim atriðum sem kunna að hafa áhrif á námsframvindu, ástundun og hegðun barna. Jafnframt skulu foreldrar stuðla að því að börnin komi úthvíld í skólann og fylgi skólareglum (Lög um grunnskóla, nr. 91/2008).

### 1.2 Vellíðan barna og unglings

Rannsóknir hafa sýnt fram á að margir þættir hafa áhrif á nám og vellíðan barna og unglings. Þættir eins og svefn, matarræði, hreyfing og skjánotkun eru til að mynda mikilvæg í þessu samhengi.

#### Svefn:

---

Svefnþörf barna og unglings má sjá hér. Athuga skal að svefnþörf er mismunandi eftir einstaklingum.

6-9 ára um 10 klst.

9-12 ára um 9 klst.

13- 16 ára að minnsta kosti 9 klst.

#### Mataræði:

---

Hollt og gott matarræði barna og unglings er mikilvægt. Eftirfarandi ráðleggingar um matarræði hafa verið settar fram:

- Fimm skammtar af grænmeti og ávöxtum daglega.
- Tveir skammtar af heilkorna vörum, svo sem brauðmeti og kartöflum daglega.
- Tveir skammtar af mjólk og mjólkurvörum daglega.

- Neysla á fiski skal vera tvisvar til þrisvar sinnum í viku og á rauðum kjötvörum um 500 gr. á viku.

- Þá er ráðlagt að taka inn D-vítamín daglega. Einnig er mikilvægt að hafa salt, sykurneyslu í algjöru lámarki sem og neyslu á unnum kjötvörum.

### **Hreyfing:**

---

Börn og unglingar ættu að stunda miðlungs eða erfiða hreyfingu í samtals 60 mínútur á hverjum degi. Skipta má þessum 60 mínútum niður í 10-15 mínútna lotur í senn.

### **Skjánokun:**

Viðmið um sjánokun hefur verið sett fram fyrir hvern aldurshóp. Með skjánokun er átt við notkun tækja líkt og síma, Ipad, tölvu og sjónvarps. Inni á heilsuveru er að finna góðar leiðbeiningar um skjánokun barna eftir aldri þeirra og þroska [Skjárinn og börnin | Heilsuvera](#).

Foreldrar eru jafnframt hvattir til að kynna sér aldursflokkamerkingar sem er að finna á mörgu myndefni, svo sem tölvuleikjum og sjónvarpsefni. Þær segja til um fyrir hvaða aldursflokkva viðkomandi efni hæfir, miðað við þroska barna.

### 1.3 Heimanám

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki í námi barna sinna. Í Flóaskóla er lögð rík áhersla á mikilvægi daglegs heimalesturs, sérstaklega í á yngsta stigi (1.-6. bekk). Foreldrar hlusta á barn sitt lesa heima daglega og kvitta fyrir á þar til gerð lestararspjöld. Rannsóknir hafa sýnt fram á að mestur árangur næst þegar bæði skóli og heimili vinna saman að lestrarnámi nemenda. Annað heimanám er mismunandi eftir bekkjum og greinum. Nemendur og foreldrar geta nálgast fyirkomulag heimanáms inn í Mentor.

Verið er að vinna verkeferill um heimalestur við skólann sem verður tekinn í notkun skólaárið 2023-2024.

### 1.4 Veikindi og leyfi

Ef nemandi er veikur er það á ábyrgð foreldra að skrá það inn í Mentor eða koma skilaboðum til ritara skólans. Ritari svarar síma alla daga frá kl. 7:45 – 14:00.

Ef foreldrar óska eftir leyfi fyrir börn sín í 1 -2 daga geta þeir tilkynnt það til umsjónarkennara í tölvupósti. Ef óskað er eftir leyfi í fleiri en 2 daga þarf að sækja um það formlega hjá skólastjóra. Hægt er að nálgast leyfisbeiðni á heimasíðu skólans eða hjá ritara Flóaskóla.

Samkvæmt skólareglum Flóaskóla geta nemendur fengið að vera inni í einn dag eftir veikindi. Foreldrar bera ábyrgð á því að hafa samband við skólann með upplýsingar þess efnis með tölvupósti eða hringja til ritara skólans.

Verið er að vinna verkferill um skólasókn sem tekinn verður í notkun skólaárið 2023-2024.

## 2. Hagnýtar upplýsingar tengt skólastarfi

### 2.1. Uppeldi til ábyrgðar- uppbygging sjálfsaga

Við Flóaskóla er stuðst við uppeldisstefnuna uppeldi til ábyrgðar- uppbygging sjálfsaga. Upphafsmáður Uppeldi til ábyrgðar- Uppbygging sjálfsaga (Restitution) er Diane Gossen og kemur stefnan frá Kanada. Aðferðina þróaði Gossen út frá hugmyndum dr. William Glasser um Gæðaskólann og sjálfstjórarkenningu hans. Þá vísar Gossen jafnframt í rannsóknir á heilstarfsemi og í hugmyndir Eric Jensen um mælanleg neikvæð áhrif ógnunar á námsgetu. Þá styðja rannsóknir Alfie Kohn einnig við aðferðir Gossen, en rannsóknir hans beindust að neikvæðum áhrifa umbunarkerfa á þroska barna og unglings. Gossen byggir aðferðina jafnframt á rannsóknum á fornum aðferðum fumbyggja Ameríku við barnauppeldi og uppbyggingu brotamanna.

Stefnan felur í sér að efla ábyrgðarkennd og sjálfstjórn nemenda, auk þess að þjálfa þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum. Nemendum eru kenndar aðferðir við sjálfstjórn og sjálfsaga sem og hvernig maður lærir af mistökum sínum. Hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar byggir á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun út frá þeim lífsgildum sem hann hefur. Þegar hann er laus undan skömm, hótunum, sektarkennd eða loforðum um umbun. Þá styðja vinnuaðferðirnar starfsfólk í skólum til að mynda sér skýra stefnu í samskiptum og meðferð á agamálum. Hugmyndafræðin hefur því áhrif á marga þætti skólastarfsins svo sem kennsluhætti, stjórnunarhætti, áherslur í lífsleiknikennslu og ekki síst á meðferð agamála. [Sjá nánar.](#)

## 2.2 Lausnateymi

Við skólann starfar lausnateymi skipað sérfræðingum innan skólans. Hlutverk þess er að vinna að málefnum nemenda sem þurfa stuðning námslega, félagslega eða tilfinningalega. Reynt er að finna hverju máli farveg innan skólans eða senda áfram til nemendaverndaráðs til frekari umfjöllunar. Foreldrar geta sent beiðni til lausnateymis varðandi sitt barn telji þeir barn sitt ekki fá þann stuðning sem þeir telja nauðsynlegan á netfangið lausnateymi@floaskoli.is.

## 2.3 Frímínútur

Nemendur fara út í frímínútur tvívar sinnum yfir skóladaginn. Nemendur í 7.- 10. bekk hafa kost á því að vera inni í frímínútum. Starfsmenn sjá um gæslu í frímínútum ásamt nemendum úr 10. bekk. Mikilvægt er að nemendur komi ávallt klædd eftir veðri og gott er að senda aukafatnað með í skólatökunni fyrir yngstu börnin.

## 2.4 Matsalur

Matsalur Flóaskóla er staðsettur í félagsheimilinu Þjórsárveri. Rannveig Árnadóttir sér um matseld ásamt Ragnheiði Styrnisdóttur. Nemendur í 1.-4. bekk borða á tímabilinu 11:30-11:50. Stuðningsfulltrúi fylgir nemendum í 1. bekk í matsal og borðar með þeim. Auk þess er starfsmaður til aðstoðar í matsalnum. Nemendur í 5. -10. bekk borða frá 12:10 – 12:40.

Þeir nemendur sem koma með nesti að heiman borða það í matsalnum þar sem ekki er gæsla annars staðar á skólasvæðinu á matmálstíma. Rík áhersla er lögð á að nestið sem komið er með að heiman sé hollt. Bent er á viðmið sem Embætti landlæknis gefur út í þessu samhengi. Nánari umfjöllun um þessi viðmið er að finna í kaflanum um vellíðan barna og unglings.

Gjaldskrá fyrir skólamáltíðir í Flóaskóla, Flóahreppi er kr. 402 kr. pr/dag (ágúst 2022). Gjaldskráin er endurskoðuð með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs tvívar á ári 1. ágúst og 1. febrúar ár hvert.

## 2.5 Mentor

Flóaskóli notar náms- og upplýsingakerfið InfoMentor. Kerfið heldur utan um upplýsingar sem snerta nemendur s.s. námsframvindu, námsárangur, heimanám og forföll. Kerfið er aðgengilegt fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn skólans. Foreldrar og nemendur fá sitthvorn aðganginn að kerfinu þar sem um er að ræða mismunandi mikinn aðgang að upplýsingum þar. Kynningarmyndbönd um kerfið og notkun þess má finna [hér](#).

## 2.6 Frístundaheimili

Frístundaheimili Flóaskóla er í boði fyrir nemendur í 1.-4. bekk og er til húsa í Skólatröð. Frístundaheimilið býður upp á fjölbreytt starf þegar hefðbundnum skóladegi 6 – 9 ára barna lýkur. Starfið einkennist af frjálsum leik og læra í gegnum leik. Innra starf frístundaheimilisins, svo sem dagskrá, viðfangsefni og samstarf við utanaðkomandi aðila fer eftir aðstæðum hverju sinni.

Innritun fer fram í upphafi skólaárs. Þeir sem sækja um síðar á skólaárinu geta ekki verið öryggir um að fá vistun því fjöldi barna á frístundaheimilinu er háð mönnun starfsmanna hverju sinni. Ef segja á upp vistun barns skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót á eftir. Allar breytingar skal tilkynna til starfsmanna á þar til gerðu umsóknareyðublaði. Vistun ásamt síðdegishressingu kostar 676 kr. á dag (ágúst 2022). Veittur er 25% systkinaafsláttur.

Frístundaheimilið er opið mánudag- fimmtudag að skóla loknum frá kl. 13:30-16:30. Á föstudögum er opið að skóla loknum til kl. 16:00. Á starfsdögum er opnunartíminn frá kl. 8:00-16:30 og á skertum dögum frá kl. 12:30-16:30. Ef barn forfallast í frístund er mikilvægt að starfsfólk fái upplýsingar um það áður en að skólavistun hefst kl. 14:00. Foreldrar tilkynni forföll til ritara Flóaskóla í síma 486-3460. Foreldrar/forráðamenn eru vinsamlegast beðnir að virða opnunartíma frístundar í hvívetna. Komi upp ófyrirsjáanlegar aðstæður er mikilvægt að láta starfsfólk vita í síma 789-8400. Vakin er athygli á því að starfsmaður ber ábyrgð á barni þar til að það hefur verið sótt af foreldrum sínum eða öðrum umönnunaraðila. Mikilvægt er að foreldrar láti starfsmenn frístundar vita þegar barn er sótt.

Umsjónarmaður frístundaheimilis er Auðbjörg J, Sigurðardóttir, með henni starfar Kolbrún Júlíusdóttir.

## 2.7 Óskilamunir

Til að lágmarka uppsöfnun óskilamuna eru foreldrar beðnir um að merkja fatnað barna sinna vel. Bent er á að hægt er að panta merkimiða á fjölmögum stöðum.

## 2.8 Símar og tölvur

Samkvæmt skólareglum Flóaskóla er notkun snjalltækja/síma/fartölva einungis leyfileg þegar kennari gefur leyfi til notkunar slíkra tækja við kennslu og verkefnavinnu. Bent er á að tæki í persónulegri eigu nemenda eru alfarið á ábyrgð nemenda og foreldra/forráðamanna þeirra.

## 2.9 Persónuverndarlög

Á grundvelli nýrra laga um persónuvernd og tilmælum Persónuverndar höfum við í Flóaskóla tekið þá ákvörðun að takmarka notkun samfélagsmiðla við miðlun upplýsinga og fréttu úr skólastarfinu. Umsjónarkennrarar hætta notkun lokaðra hópa á Facebook fyrir sína bekki en skólinn setur almennar upplýsingar um skólastarfið á Fb-síðu skólans og þess gætt að ekki birtist persónuupplýsingar um einstaka nemendur. Miðlun upplýsinga um tímasetningar eða viðburði á vegum skóla og félaga, starfsemi þeirra, t.d. fjárlunarverkefni og tilkynningar þar um, teljast hins vegar ekki til vinnslu persónuupplýsinga og ekkert því til fyrirstöðu að nýta slíka miðla til að dreifa þeim upplýsingum. Þá verður almennt ekki gerð athugasemd við að þar séu birtar myndir af opnum viðburðum á vegum skóla og félaga sem ekki sýna neinar aðstæður viðkvæms eðlis.

### 3. Aðrar hagnýtar upplýsingar

#### 3.1 Afmælisboð

Ef nýta á vettvang skólans til að bjóða í afmæli er mikilvægt að hafa í huga að nemandi bjóði öllum í bekknum. Ef foreldrum hugnast þetta ekki eru þeir beðnir að nýta aðrar boðleiðir en skólann.

#### 3.2 Bekkjartenglar

Í hverjum bekk er miðað við að séu tveir bekkjartenglar úr röðum foreldra. Miðað er við að bekkjartenglar skipuleggi samveru af einhverju tagi tvívar sinnum yfir veturinn, t.d. bíóferðir, bekkjarkvöld með foreldrum, spilakvöld, leikhúsferðir svo eitthvað sé nefnt. Umsjónarkennarar gera tillögu að skipa bekkjartengla á hverju hausti í samráði við foreldrahópinn. Ef skipaðir bekkjartenglar sjá sér ekki fært um að sinna hlutverkinu er það á þeirra ábyrgð að hafa samband við aðra foreldra og biðja þá um að taka hlutverkið að sér í þeirra stað. Bekkjartenglar hafa samráð við umsjónarkennara um skipulag á samveru bekkjar og geta fengið afnot af húsnæði skólans.

#### 3.3 Félagsmiðstöðin

Félagsmiðstöðin Zone er staðsett í félagsheimilinu Þjórsárveri. Félagsmiðstöðin er í boði fyrir nemendur 7. - 10. bekkjar. Tvisvar sinnum í mánuði eru opið hús og eru þau auglýst með tölvupósti til foreldra. Þetta á einnig við um aðra viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar. Forstöðumaður félagsmiðstöðvar er Örvar Rafn Hlíðal ([orvar@floaskoli.is](mailto:orvar@floaskoli.is)).

#### 3.4 Skólabílar

Börnum í Flóaskóla er ekið til og frá skóla með skólabílum. Á hverju hausti fá nemendur og foreldrar skipulag afhent um skólaakstur fyrir veturinn. Skipulag skólaaksturs getur verið breytilegt milli ára. Ef nemandi verður veikur eða hann er í leyfi frá skóla er það á ábyrgð foreldra að láta skólabílstjóra vita að barn þeirra komi ekki með skólabíl að morgni. Einnig er það á ábyrgð foreldra að hafa samband við skólabílstjóra, bæði til að láta vita að barn komi ekki með bílnum heim og til að kanna möguleika á að fara heim með öðrum bíl, ætli barn heim með skólfélaga að skóla loknum.

### 3.5 Foreldrafélag Flóaskóla

Foreldrafélag er starfrækt við skólann og eru allir foreldrar félagar í því. Í því sitja þrír foreldrar/forsjáraðilar nemenda og eru kosnir til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum, það er formaður, gjaldkeri og ritari. Tilgangur foreldrafélagsins er að stuðla að velferð nemenda, styðja skólastarfið og efla tengsl heimilis og skóla. Í því sambandi leitast stjórnin við að halda fræðslufundi/fyrirlestra fyrir foreldra og nemendur. Félagsgjöld eru 2500 kr. á ári, eitt gjald fyrir hvert heimili, sem innheimt er í gegnum heimabanka. Gjöldin eru notuð í fræðslufundi, fyrirlestra og veitingar. Foreldrafélagið hefur síðast liðin ár gefið öllum ís á skólaslitum og veitingar á gróðursetningardegi. Haldin eru spilakvöld einu sinni á önn fyrir nemendur og foreldra þar sem spiluð er félagsvist.

Aðalfundur foreldrafélagsins fer fram fyrir 1. október ár hvert. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Veturinn 2022/2023 skipa stjórnina, Inga Dröfn Sváfnisdóttir, formaður, Ósk Unnarsdóttir ritari og Anný Ingimarsdóttir gjaldkeri.

### 3.6 Fjáraflanir

Fjáraflanir fyrir ferð 10. bekkjar er alfarið á ábyrgð foreldra/forsjáraðila. Foreldrafélag Flóaskóla er með sér bankareikning fyrir fjáraflanir. Þetta er gert til að foreldrar þurfi ekki að vera með reikning á eigin kennitölu. Foreldrar nemenda í 10. bekk geta óskað eftir yfirliti frá gjaldkera félagsins. Með prókúru á þessa reikninga eru gjaldkeri og formaður foreldrafélagsins.

Reikningsnúmer 10. bekkjar er 308-26-110710 kt. 620414-0500.